



VESTURBYGGÐ

Frístund skólárið 2018-2019

Frístund er starfrækt við Patreksskóla og Bíldudalsskóla og heyrir undir skólaskrifstofu Vesturbyggðar. Þar býðst nemendum í 1.-4.bekk að dvelja frá skólalokum til kl 16.00 alla skóladaga. Boðið er upp á síðdegishressingu í frístundinni alla daga og léttu máltíð á föstudögum.

Í frístundinni una nemendur inni og úti við leik undir umsjón starfsmanns. Allar almennar hegðunar- og umgengnisreglur skólanna gilda og farið verður eftir Uppbyggingarstefnunni í agamálum.

Frístundin er opin alla skóladaga (sjá skóladagatal).

Frístundin á Patreksfirði er starfrækt í Safnaðarheimilinu Aðalstræti 52 og frístund á Bíldudal er starfrækt í Læk. Starfsmaður sækir nemendur upp í skóla.

Val er um að hafa nemendur í frístundinni til kl 15.00 eða 16.00. Foreldrar láta vita hvort þau sæki börnin sín eða hvort senda eigi þau heim að frístund lokinni.

Skrá verður nemendur í mánuð í senn en ef dvöl er ekki sagt upp fyrir mánaðarmót er gert ráð fyrir áframhaldandi dvöl.

Nemendur fara í íþróttaskólann og Tónlistarskólann úr frístundinni og hefur það ekki áhrif á gjaldið.

Tilkynna þarf til starfsmanns tilfallandi breytingar á dvalartíma t.d. ef þau eru að fara annað eftir skóla eða veikindi og leyfi.

Greiðsluseðlar eru sendir út mánaðlega

Systkinaafsláttur er samtengdur milli leikskóla, daggæslu og frístundar.

Skráningu og breytingar á dvalartíma á að tilkynna skriflega/tölvupóstur á skólaskrifstofuna nanna@vesturbyggd.is.

Fræðslustjóri Vesturbyggðar